



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24  
108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. ágúst 2006  
Tilvísun: UST20060700120/bs

### **Útnesvegur frá Háahrauni að Saxhóli. Matsskylda.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. júlí sl. þar sem óskað er umsgagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

#### ***Framkvæmdalýsing***

Hér er um að ræða endurbyggingu Útnesvegar á um 17 km kafla frá Háahrauni að Saxhól. Þessi hluti Útnesvegar er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Auk þess að vera innan þjóðgarðs er allt framkvæmdasvæðið á náttúruminjaskrá. Jafnframt hefur framkvæmdin áhrif á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. nútímahraun.

Áætluð efnispörf er 214.700 m<sup>3</sup>. Úr námum fást 91.500 m<sup>3</sup> og úr skeringum 123.200 m<sup>3</sup>. Skeringar eru að mestu á vegsvæðinu. Náma D sem talin er útvíkuð skering í kynningarskýrslu getur allt eins kallast náma. Efni verður tekið úr fimm námum og hefur efni verið tekið áður úr þeim öllum. Gengið verður frá öllum námum og verður þar ekki um frekari efnistöku að ræða. Að auki er nú fyrirhugað að ganga frá öllum svæðum innan þjóðgarðsins sem raskað hefur verið vegna vegagerðar að Saxhóli undanskildum.

#### ***Samráð***

Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur Vegagerðin haft náið samráð við Umhverfisstofnun og þjóðgarðsvörð. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að samstarf verði við stofnunina um gerð útboðsgagna og áætlun um efnistöku og frágang. Jafnframt er nauðsynlegt að fulltrúi stofnunarinnar hafi eftirlit með framkvæmdum.

#### ***Áhrif á landslag***

Leitast hefur verið við að halda fyrirhuguðu framkvæmdasvæði innan núverandi vegsvæðis eins og kostur er. Við núverandi vegsvæði eru víða ummerki eftir hliðarýtingar frá þeim tíma þegar núverandi vegur var ruddur um hraunið. Ekki var talið unnt að fylgja núverandi vegi á tveimur stöðum vegna öryggissjónarmiða. Annars vegar á um 300 m kafla milli stöðva 6.750 - 7.050, þar sem mesta færsla vegarins er um 30 m og hins vegar á 600 m kafla milli stöðva 14.100 - 14.700, þar sem mesta færsla vegar er um 65 m. Dregið hefur verið úr skeringum og

vegurinn hækkaður í því skyni við Purkhóla og austan Hólahóla. Umhverfisstofnun telur að með því að fylgja núverandi vegi og draga úr skeringum eins og kostur er hafi tekist að draga verulega úr áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og jarðmyndanir.

### ***Áhrif á gróðurfar og fuglalíf***

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að meðal sjaldgæfra tegunda sem vaxa á svæðinu eru skrautpuntur og ferlaufungur sem er friðlýst tegund. Gerð verður úttekt á því hvort skrautpuntur og ferlaufungur vaxi á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur að haga þurfi framkvæmdum þannig að þær raski hvorki vaxtarstöðum friðlýstra plantna né plantna sem eru á valista.

Áhrif á fuglalíf er talið óverulegt og verður fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði ekki kannað.

### ***Áhrif á fornminjar***

Nærri stöð 700 er gömul varða sem Vegagerðin mun girða af meðan á framkvæmdum stendur þannig að hún verði ekki fyrir raski. Á þessum kafla liggur Útnesvegur yfir forna þjóðleið. Taka þarf tillit til þessa og gera göngufólki og hestamönnum fært að fara yfir veginn og finna gömlu leiðin auðveldlega sitthvoru megin við veginn.

### ***Frágangur***

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að frágangur verði með eftirfarandi hætti.

*Skeringar og efnistökusvæði:* Ganga á frá skeringum með sambærilegum hætti og gert hefur verið við vegagerð um Hnausa- og Klifhraun. Móta skal skeringarfláa og brúnir þannig að þær falli sem best að óröskuðu hrauni. Frágangur náma í framburðarkeilum skal miðast við að þar safnist aftur fyrir efni án þess að hætta verði á vatnsrofi utan námanna.

*Öryggissvæði:* Ekki verður sléttað land utan fláafótar. Öll öryggissvæði verða hluti fláa.

*Sáning og uppgræðsla:* Ekki verði sáð grasfræi í fláa eða skeringar þar sem vegurinn liggur um hraun. Á öðrum stöðum verði einungis sáð þeim tegundum sem fyrir eru eða einæru rýgresi auk áburðar í samráði við þjóðgarðsvörð.

*Aflögð vegsvæði:* Fjarlægja þarf og ganga frá þeim vegsvæðum sem leggjast af við framkvæmdirnar.

### ***Hönnunarhraði***

Í því tilfelli sem hér um ræðir hefur Umhverfisstofnun litið þannig á að vegur skv. vegflokk C2 falli best að legu þess vegar sem fyrir er í þjóðgarðinum. Þetta álit stofnunarinnar um 90 km hönnunarhraða Útnesvegar bindur ekki hendur stjórnar þjóðgarðsins að neinu leyti varðandi hámarkshraða á Útnesvegi innan þjóðgarðs. Jafnframt bendir stofnunin á að hönnun Útnesvegar innan þjóðgarðs skv. vegflokk C2 hefur ekki fordæmisgildi varðandi aðrar framkvæmdir á friðlýstum svæðum, enda nauðsynlegt að taka tillit til aðstæðna á hverju svæði fyrir sig.


**Niðurstaða**


Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til ofangreindra atriða ekki líklegt að vegagerð í þjóðgarðinum Snæfellsjökli muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér svo fremi að vel verði staðið að framkvæmdinni og frágangi að henni lokinni.

Minnt er á að framkvæmdir innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og reglugerð nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Egill Einarsson

Afrit: Guðbjörg Gunnarsdóttir, þjóðgarðsvörður.